

Fjallabyggð
b.t. Elíasar Péturssonar, bæjarstjóra
Gránugötu 24
580 Siglufirði

Málsnúmer: 202010-0001

Sauðárkrókur, 29. janúar 2021

Efni: Svar við erindi um brunavarnir í jarðgöngum

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (hér eftir HMS) barst erindi frá Fjallabyggð þar sem óskað er að HMS taki til skoðunar álítaefni varðandi lagalega ábyrgð sveitarfélaga annars vegar og eiganda samgöngumannvirkja hins vegar. Af gefnu tilefni skal á það bent að túlkun HMS á ákvæðum þeirra laga sem henni hefur verið falið eftirlit með framkvæmd á hefur ekki bindandi gildi, nema þar sem lög kveða sérstaklega á um það. Þá tekur HMS ekki afstöðu í einstökum tilvikum heldur veitir upplýsingar um almenna túlkun ákvæða þeirra laga sem við á. Þannig er stofnunin ekki úrskurðaraðili í þeim ágreiningi sem sveitarfélagið og Vegagerðin, sem eigandi jarðgangna, eiga í. Í erindinu er skilmerkilega gerð grein fyrir álíti sveitarfélagsins á lagalegri stöðu þess og eru spurningar settar fram sem viðleitni að undirbyggja málatilbúnað þess í samskiptum sínum við Vegagerðina. HMS vinnur að samræmingu brunavarna í landinu og stuðlar að samvinnu þeirra sem starfa að brunavörnum, eins og það hlutverk er nánar skilgreint í II. kafla laga nr. 75/2000 um brunavarnir, II. kafla laga um mannvirki nr. 160/2010 sem og I. kafla laga um Húsnæðis- og mannvirkjastofnunn nr. 137/2019. Skal skoða svör stofnunarinnar í ljósi hlutverks stofnunarinnar.

Í erindinu er óskað eftir upplýsingum um ábyrgð á brunavörnum í jarðgöngum, hver beri ábyrgð og hver eigi að bera kostnað af úrbótum eða kostnaði vegna jarðgangna sem sérhæfðra mannvirkja.

Eigandi mannvirkis ber ábyrgð á að það fullnægi kröfum um brunavarnir sem fram eru settar í lögum og reglugerðum samkvæmt 23. gr. laga nr. 75/2000 um brunavarnir. Að sama skapi ber eigandi samgöngumannvirkis ábyrgð á brunavörnum í því og að þær séu virkar samkvæmt 7. gr. reglugerðar um brunavarnir í samgöngumannvirkjum. Eiganda ber þannig að hafa reglubundið eftirlit með þeim.

Þá ber sveitarstjórn ábyrgð á starfsemi slökkviliðs og framkvæmd eldvarnareftirlits samkvæmt 10. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000. Sveitarfélagið ber kostnað af þessari starfsemi sem er nánar útfærð í III. og IV. kafla laganna og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Í tilefni fyrirspurnar um áhættumat og úttekt á brunavörnum fyrir jarðgöng í sveitarfélaginu vegna þess að úrbætur séu þarf, vill HMS benda á efni 4. gr. reglugerðar nr. 614/2004 um brunavarnir í samgöngumannvirkjum. Þar er tilgreint að brunahönnun og áhættumat skuli liggja fyrir áður en samgöngumannvirkið er tekið í notkun og að það skuli endurskoðað á fimm ára fresti eða ef verulegar breytingar verða á forsendum brunahönnunar.

Að sama skapi er bent á heimildir slökkviliðsstjóra, að höfðu samráði við eiganda mannvirkis og sveitarstjórn, til að kveða á um að sérstakar ráðstafanir séu gerðar. En slíkar ráðstafanir skulu koma fram í brunavarnaráætlun sveitarfélagsins. Það er eigandi mannvirkis sem greiðir kostnað af slíkum ráðstöfunum. Heimild til að krefjast sérstakra ráðstafana er að finna í 10. gr. reglugerðar um brunavarnir í samgöngumannvirkjum nr. 614/2004.

Bæði Vegagerðin sem eigandi og Fjallabyggð sem ábyrgðaraðila slökkviliðs og -starfs á svæðinu hafa hagsmuni af því að brunavarnir í jarðgögunum séu í lagi og að dregið sé úr hættu á eldsvoða og eins að aðstæður til að slökkva eld séu sem bestar komi til þess. HMS er ætlað að stuðla að samvinnu þeirra sem starfa að brunavörnum og lýsir stofnunin sig til reiðu að koma á, og taka þátt í samráðsvettvangi milli Vegagerðarinnar og Fjallabyggðar. Að sama skapi er nauðsynleg aðkoma Samgöngustofu að slíku samráði, sem fer með stjórnsýslu samgöngumála og er eftirlitsaðili með samgöngumannvirkjum. Forsenda slíks samráðsvettvangs er að mati HMS þátttaka allra hlutaðeigandi.

Virðingarfyllst,

f.h. HMS



Þorlákur Snær Helgason, sérfræðingur á brunasviði HMS